

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, Efri- og Ytri-Grímslækur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að 2 ha svæði fyrir frístundabyggð úr jörðunum Efri- og Ytri-Grímslæk í Ölfusi og aðliggjandi 13 ha landbúnaðarsvæði breytist í íbúðarsvæði, alls 15 ha.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 14. nóvember 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.